# Kirkjuhvoll

## Dvalarheimili aldraðra

## á Hvolsvelli

## Ársreikningur 2020

Kirkjuhvoll hjúkrunar- og dvalarheimili
v/ Dalsbakka
860 Hvolsvöllur
kt. 630985-0569

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og hjúkrunarforstjóra | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og hjúkrunarforstjóra

Kirkjuhvoll er dvalarheimili aldraðra á Hvolsvelli. Starfsemi Kirkjuhvols var með líku sniði og undanfarin ár. Á árinu 2018 var tekin í notkun ný viðbygging með 12 herbergjum og stórum matsal. Heimilismenn eru 30 í 28 hjúkrunarrýmum og 2 dvalarrýmum.

Á árinu 2020 voru greiddar 316,1 millj. kr. í laun og 75,4 millj. kr. í launatengd gjöld. Stöðugildi voru 40 samanborið við 34 á árinu 2019. Laun hjúkrunarforstjóra námu 14,6 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða ársins 2020 var neikvæð að fjárhæð 38,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í árslok nam 39,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er í skýringu nr. 16 varðandi ráðstöfun rekstrarniðurstöðu.

COVID-19 faraldurinn sem gengið hefur yfir heimsbyggðina hefur haft talsverð áhrif á rekstur Kirkjuhvols, sérstaklega hvað varðar aukin rekstrarkostnað. Helstu áhættuþættir vegna faraldursins er hækkun kostnaðar vegna sóttkvíar og einangrunar starfsfólks og vistmanna, aukinn kostnaður við sóttvarnir og skiptingu heimilisins upp í sóttvarnarhólf. Ekki er ljóst hver endanleg áhrif faraldursins verða vegna óvissu um hve lengi hann mun vara.

Ljóst er að rekstur Kirkjuhvols hefur verið erfiður og heimilið hefur verið rekið með halla undanfarin ár. Samkvæmt skýrslu um rekstur hjúkrunarheimila er um að ræða landlægan vanda. Launakostnaður hefur hækkað gríðarlega sl. ár og kemur einnig inn hækkun launakostnaðar vegna uppskiptingu vakta heimilisins í sóttvarnarhólf þegar COVID-19 faraldurinn var í hámarki. Á heimilinu í dag eru laus rými sem unnið er að því að fá Sjúkratryggingar Íslands til að samþykkja aukafjárveitingu til heimilisins þannig að hægt sé að nýta þessi rými sem hjúkrunarrými. Tímabundið samþykki hefur verið gefið fyrir nokkrum rýmum hluta úr ári 2021 til að létta á Landspítalanum en stjórnendur eru að vinna í að ná langtímasamningum við Sjúkratryggingar. Það hefði jákvæð áhrif á rekstur heimilisins náist að fá þessi aukarými samþykkt. Aukarýmin myndu þýða verulega auknar tekjur, en hefði í för með sér mjög lítinn kostnaðarauka þar sem ekki þyrftir að fjölga starfsfólki til að sinna rýmunum, heldur kæmi fram betri nýting bæði starfsmanna, tækja og mötuneytis.

Byggt á þessu teljum við ekki verulega óvissu leika á rekstrarhæfi stofnunarinnar.

Stjórnendur Kirkjuhvols, Dvalarheimilis aldraðra á Hvolsvelli, staðfesta ársreikning heimilisins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Hvolsvelli, 26. ágúst 2021.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra:

Hjúkrunarforstjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kirkjuhvols, dvalarheimilis á Hvolsvelli.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Kirkjuhvols, dvalarheimilis aldraðra á Hvolsvelli („stofnunin") fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2020 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð stofnuninni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.
Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 27. ágúst 2021.

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Daggjöld og framlög | 3 | 452.745.859 | 402.623.486 |
| Fæðissala | | 43.865.463 | 1.123.345 |
| Leigutekjur | | 8.824.798 | 9.360.738 |
| | | 505.436.120 | 413.107.569 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 395.648.388 | 302.508.757 |
| Starfsmanna- og ábyrgðartryggingar | | 997.795 | 812.779 |
| Matvæli | | 35.250.557 | 21.515.936 |
| Fatnaður, lín og hreinlætisvörur | 5 | 11.780.452 | 10.226.456 |
| Lyf og skyld efni | | 11.036.225 | 10.029.625 |
| Ferða-, flutningskostnaður og akstur | 6 | 1.443.850 | 1.200.462 |
| Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta | 7 | 10.671.915 | 12.127.929 |
| Viðhalds- og húsnæðiskostnaður | 8 | 24.840.635 | 25.800.284 |
| Áhöld og búnaður | 11 | 4.136.217 | 3.323.496 |
| Rekstur bifreiða | 9 | 305.199 | 294.727 |
| Sjúkraflutningar | | 650.639 | 424.982 |
| Annar rekstrarkostnaður | 10 | 994.611 | 1.422.967 |
| Afskriftir | 2 | 17.621.871 | 16.451.584 |
| | | 515.378.354 | 406.139.984 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | ( 9.942.234) | 6.967.585 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 73.899 | 268.281 |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 16.256) | ( 58.995) |
| Vaxtagjöld | | ( 28.351.604) | ( 24.048.848) |
| | | ( 28.293.961) | ( 23.839.562) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | 16 | ( 38.236.195) | ( 16.871.977) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarfjármunir** | | | |
| Fasteignir, áhöld og tæki | 2 | 525.750.034 | 531.669.038 |
| Bifreiðar | 2 | 195.000 | 195.000 |
| Rekstrarfjármunir samtals | | 525.945.034 | 531.864.038 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Skammtímakröfur | 13 | 2.281.944 | 2.355.182 |
| Skammtímakrafa á Rangárþing eystra | | 23.361.282 | 0 |
| Handbært fé | 12 | 5.016.279 | 50.991.139 |
| Veltufjármunir samtals | | 30.659.505 | 53.346.321 |
| **Eignir samtals** | | 556.604.539 | 585.210.359 |
| **Eigið fé** | | | |
| Stofnfé | | 200.606.507 | 200.606.507 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 161.591.530) | ( 123.355.335) |
| Eigið fé samtals | 16 | 39.014.977 | 77.251.172 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímalán | 15 | 426.260.149 | 428.417.509 |
| Langtímaskuldir samtals | | 426.260.149 | 428.417.509 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 8.584.512 | 9.179.865 |
| Rangárþing eystra | | 0 | 266.701 |
| Fyrirfram innborguð daggjöld | | 20.641.638 | 30.423.858 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 14 | 44.307.263 | 28.953.615 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 15 | 17.796.000 | 10.717.639 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 91.329.413 | 79.541.678 |
| Skuldir samtals | | 517.589.562 | 507.959.187 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 556.604.539 | 585.210.359 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2020

| | Skýr. | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 16 | ( 38.236.195) | ( 16.871.977) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur af langtímaskuldum | | 16.110.491 | 12.296.704 |
| Afskriftir | 2 | 17.621.871 | 16.451.584 |
| Veltufé frá (til) rekstrar | | ( 4.503.833) | 11.876.311 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun) | | 73.238 | 129.798 |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 4.976.075 | 4.542.101 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 5.049.313 | 4.671.899 |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 545.480 | 16.548.210 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Nýbygging Kirkjuhvoli | | 0 | ( 27.080.788) |
| Framlag vegna nýbyggingar | | 0 | 134.630.000 |
| Keyptur búnaður | 2 | ( 11.702.867) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 11.702.867) | 107.549.212 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímalána | | ( 11.189.490) | ( 5.984.691) |
| Breyting á stöðu við Rangárþing eystra | | ( 23.627.983) | ( 76.416.276) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 34.817.473) | ( 82.400.967) |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 45.974.860) | 41.696.455 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 50.991.139 | 9.294.684 |
| **Handbært fé í árslok** | | 5.016.279 | 50.991.139 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### b. Innlausn tekna

Daggjöld og önnur framlög til rekstrar eru færð til tekna á því tímabili sem þau tilheyra. Tekjur af sölu fæðis og annarri vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Styrkir og framlög einstaklinga eru færð til tekna við móttöku greiðslu.

### c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

### d. Langtímalán

Lántökugjald vegna langtímaskulda er dreift á lánstímann með aðferð virkra vaxta á líftíma lánanna. Vísað er í skýringu 15 varðandi langtímaskuldir.

### e. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 21,1 millj. kr. í árslok 2020 (2019: 16,9 millj. kr.) og er færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

## 2. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir, greinast þannig:

| | Fasteignir | Bifreið | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2020 ................ | 557.537.565 | 1.950.000 | 53.008.330 | 612.495.895 |
| Viðbót á árinu ........................... | 0 | 0 | 11.702.867 | 11.702.867 |
| Heildarverð 31.12.2020 ............ | 557.537.565 | 1.950.000 | 64.711.197 | 624.198.762 |
| Afskrifað áður .......................... | 70.551.144 | 1.755.000 | 8.325.713 | 80.631.857 |
| Afskrifað á árinu ...................... | 11.150.751 | 0 | 6.471.120 | 17.621.871 |
| Afskrifað samtals 31.12.2020 .... | 81.701.895 | 1.755.000 | 14.796.833 | 98.253.728 |
| Bókfært verð 31.12.2020 .......... | 475.835.670 | 195.000 | 49.914.364 | 525.945.034 |
| Afskriftahlutföll ......................... | 2% | 20% | 10% | |

Fasteignamat fasteigna stofnunarinnar nam 486,2 millj. kr. og lóðar 23,3 millj. kr. í árslok 2020. Á sama tíma nam brunabótamat fasteignanna 1.303,7 millj. kr.

## 3. Daggjöld og framlög

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Daggjöld vistmanna, dvalardeild........ | 6.077.796 | 10.870.950 |
| Daggjöld vistmanna, hjúkrunardeild ........ | 390.311.934 | 353.234.680 |
| Dagvistun........ | 769.455 | 3.781.784 |
| Húsnæðisgjald........ | 42.130.622 | 32.417.413 |
| Vinnusamningur öryrkja........ | 2.070.443 | 1.014.759 |
| Tryggingastofnun framlag vegna Covid-19........ | 11.092.609 | 0 |
| Ýmsir styrkir........ | 293.000 | 443.900 |
| | 452.745.859 | 402.623.486 |

| | | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **4.** | **Laun og launatengd gjöld** | | |
| | Dagvinnulaun | 236.067.550 | 186.263.879 |
| | Yfirvinna og álag | 79.983.792 | 58.817.082 |
| | Launatengd gjöld | 75.360.123 | 55.304.450 |
| | Bifreiðastyrkur | 0 | 36.080 |
| | Áfallið orlof, breyting | 4.236.923 | 2.087.266 |
| | | 395.648.388 | 302.508.757 |
| **5.** | **Fatnaður, lín og hreinlætisvörur** | | |
| | Aðkeypt ræsting og þvottur | 4.711.608 | 4.580.730 |
| | Fatnaður og lín | 84.590 | 334.884 |
| | Hlífðarfatnaður | 988.451 | 396.082 |
| | Hreinlætisvörur | 5.995.803 | 4.914.760 |
| | | 11.780.452 | 10.226.456 |
| **6.** | **Ferða-, dvalarkostnaður og akstur** | | |
| | Ferða- og dvalarkostnaður | 0 | 260.514 |
| | Aðkeyptur flutningskostnaður | 1.443.850 | 939.948 |
| | | 1.443.850 | 1.200.462 |
| **7.** | **Sérfræðiþjónusta og ýmis þjónusta** | | |
| | Tölvu-, verkfræði, reikningsleg þjónusta ofl | 5.926.918 | 5.888.051 |
| | Þjónusta heilbrigðisstétta og aðkeyptar rannsóknir | 3.365.310 | 5.086.718 |
| | Póstburðargjöld | 43.870 | 66.558 |
| | Sími, útvarp, sjónvarp | 1.335.817 | 1.086.602 |
| | | 10.671.915 | 12.127.929 |
| **8.** | **Viðhalds- og húsnæðiskostnaður** | | |
| | Áhöld og tæki | 628.484 | 580.235 |
| | Varahl. tækja og áhalda, viðhaldsvörur | 5.703.884 | 6.802.268 |
| | Gámaþjónustan | 764.120 | 839.405 |
| | Aðrir innanstokksmunir | 459.296 | 417.033 |
| | Aðkeypt viðhaldsþjónusta | 2.369.927 | 3.071.237 |
| | Fasteignagjöld og önnur opinb. gjöld | 6.578.389 | 6.576.469 |
| | Tryggingar og öryggisgæsla | 1.370.114 | 1.300.782 |
| | Rafmagn og hiti | 6.966.421 | 6.212.855 |
| | | 24.840.635 | 25.800.284 |
| **9.** | **Rekstur bifreiða** | | |
| | Eldsneyti | 86.298 | 130.019 |
| | Tryggingar og önnur gjöld | 218.901 | 164.708 |
| | | 305.199 | 294.727 |
| **10.** | **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| | Bækur, ritföng og rekstrarvörur | 224.712 | 216.881 |
| | Blóm og gjafir | 241.438 | 165.279 |
| | Jóla- og föndurvörur, umbúðir | 14.878 | 55.739 |
| | Virðisaukaskattur | 445.365 | 395.192 |
| | Kostnaður við dýrahald | 28.518 | 43.493 |
| | Auglýsingar | 0 | 115.483 |
| | Annar kostnaður | 39.700 | 430.900 |
| | | 994.611 | 1.422.967 |

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| **11. Áhöld og búnaður** | | |
| Borð og stólar | 74.924 | 0 |
| Raftæki | 71.400 | 0 |
| Tölvubúnaður og kerfi | 3.989.893 | 3.323.496 |
| | 4.136.217 | 3.323.496 |
| **12. Handbært fé** | | |
| Tékkareikningur | 3.083.283 | 48.430.512 |
| Vaxtareikningar | 1.249.452 | 2.090.092 |
| Kjörbók | 683.544 | 470.535 |
| | 5.016.279 | 50.991.139 |
| **13. Skammtímakröfur** | | |
| Endurkræfur vsk | 848.801 | 719.206 |
| Viðskiptakröfur | 1.433.143 | 1.635.976 |
| | 2.281.944 | 2.355.182 |
| **14. Aðrar skammtímaskuldir** | | |
| Ógreidd staðgreiðsla | 5.909.674 | 3.856.305 |
| Ógreidd launatengd gjöld | 9.518.520 | 4.121.082 |
| Áfallið orlof | 21.094.642 | 16.857.719 |
| Starfsmannasjóður | 50.000 | 45.000 |
| Ógreitt tryggingagjald | 1.918.832 | 1.393.229 |
| Ógreitt visakort | 6.690 | 0 |
| Ógreiddur vsk | 2.902.256 | 69.142 |
| Áfallnir vextir | 1.865.260 | 1.896.172 |
| Óráðstafað gjafafé | 1.041.389 | 714.966 |
| | 44.307.263 | 28.953.615 |

| | 31.12.2020 |
|---|---|
| **15. Langtímaskuldir** | |
| Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt, vextir 2,5% - 4,5% | 458.626.264 |
| | 458.626.264 |
| Næsta árs afborgun langtímalána | ( 17.796.000) |
| Langtímaskuldir samtals | 440.830.264 |
| Lántökukostnaður færður í efnahag | ( 14.570.115) |
| Langtímaskuldir í árslok | 426.260.149 |

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2021 | 17.796.000 |
| Árið 2022 | 15.345.000 |
| Árið 2023 | 12.893.000 |
| Árið 2024 | 12.893.000 |
| Árið 2025 | 12.893.000 |
| Síðar | 386.806.264 |
| | 458.626.264 |

Lántökugjöld vegna langtímalána dvalarheimilisins eru samtals 14,6 millj. kr. Gjald- og skuldfærslu lántökugjaldanna er dreift á afborgunartíma lánanna.

### 16. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Stofnfé | Ójafnað eigið fé | Staða 31.12. |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2020 | 200.606.507 | ( 123.355.335) | 77.251.172 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | ( 38.236.195) | ( 38.236.195) |
| Staða 31.12.2020 | 200.606.507 | ( 161.591.530) | 39.014.977 |

### 17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn Rangárþings eystra auk lykilstjórnenda Kirkjuhvols eru skilgreindir sem tengdir aðilar. Kirkjuhvoll hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu, Rangárþing eystra sem sér um bókhald fyrir stofnunina. Á árinu 2020 fór Rangárþing eystra að kaupa fæði af Kirkjuhvoli fyrir grunn- og leikskóla. Krafa á Rangárþing eysta nemur 23,4 millj. kr. í árslok 2020.